

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur,
sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. falli niður orðin „hefur óflekkað mannorð“.

2. gr.

Í 6. gr. falli niður orðin „eða búsetu“.

3. gr.

9. gr. breytist þannig:

- a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli niður.
- b. Í 7. tölulið 1. mgr. falli niður orðin „og sé eitt af þeim opinbert mál“.
- c. Aftan við 1. mgr. komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.
- d. Í 2. mgr. breytast orðin „1.—5. tölul.“ í: 1.—2. og 4.—5. tölul.

4. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eru búsettir, eða þar í grennd.

5. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Skylt er hæstaréttarlögmonnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

6. gr.

14. gr. breytist þannig:

- a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli brott.
- b. Aftan við 1. mgr. komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

7. gr.

Í 19. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og“.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.